Viðauki nr. 1 við samning um rekstur Surtseyjarstofu í Eldheimum

Aðilar samnings

Vestmannaeyjabær, kt. 690269-0159, annars vegar og Náttúruverndarstofnun, kt. 700924-1570, hins vegar, gera með sér eftirfarandi viðauka nr. 1 við samning aðila, dags. 31. júlí 2024, um rekstur Surtseyjarstofu í Eldheimum.

1. gr.

Breyting er gerð á 3. efnisgrein 2. gr. samnings og verður svohljóðandi:

Náttúruverndarstofnun fær til umráða svæði á annarri hæð Eldheima undir sýninguna. Greiðslur miðast við 120 fm sýningarsvæði og 53 fm hlutdeild í sameiginlegum rýmum. Náttúruverndarstofnun mun hafa afnot af samtals 205 fm á annarri hæð út samningstímabilið. Auk þess fær Náttúruverndarstofnun hlutdeild í geymslurými Eldheima.

2. gr.

Breyting verður á 9. gr. samnings og verður svohljóðandi:

Gert er ráð fyrir að endanleg ákvörðun um umfang og fyrirkomulag Surtseyjarsýningar liggi fyrir eigi síðar en 31. júlí 2027. Breytingar samkvæmt viðauka þessum taka gildi 1. ágúst 2026 og gilda til 31. júlí 2027. Viðræður um framlengingu eða gerð nýs samnings skulu hefjast eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok gildistíma.

4. gr.

Að öðru leyti haldast ákvæði samnings aðila dags. 31. júlí 2024 óbreytt.

Viðauki þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og fær hvor samningsaðili sitt eintak.